

Aðalfundur NAUST 2011



Náttúruverndarsamtaka Austurlands

haldinn í Sláturhúsinu á Egilsstöðum 14. apríl 2012

Fundarsetning: **Ásta Þorleifsdóttir**

Fundarstjóri: **Rósa Björk Halldórsdóttir**

Ritari: **Kristín Jónsdóttir**

Mættir voru 23 félagsmenn

Gengið til dagskrár

1. Skýrsla formanns fyrir hönd stjórnar – Ásta Þorleifsdóttir

Punktur úr skýrslu formanns um störf samtakanna:

- Félagið endurvakið.
- Fundargerðir og áform sett inn á Netið.
- Vefsíða sett upp fyrir félagið.
- Ráðstefnuhald, vorráðstefna um náttúruvernd og fræðslukvöld á *Dögum myrkurs* í nóvember.
- Tíu stjórnarfundir haldnir á árinu, flestir í fjarfundi, auk tölvusamskipta.
- Þátttaka félagsins í ýmsum verkefnum:
 - Þátttaka í svæðisráði Vatnsjökulspjóðgarðs.
 - Þátttaka í umsögn um Rammaáætlun um nýtingu og verndun vatnsafls og jarðvarma.
 - Umsagnir m.a. um lög:
 - um stjórn vatnamála.
 - um veiðar á villtum dýrum.
 - um Náttúruverndarlög.
 - Innlegg m.a. á ársfundi Náttúrustofanna og um veiði í Vatnajökulspjóðgarði.
 - Tók þátt í samráðshópi Umhverfissráðuneytisins um náttúruvernd.
- Samtökin hafa átt fulltrúa í nefndum og ráðum á vegum stjórnvalda.
- Gerð drög að bæklingi fyrir
- Samtökin veittu heiðursverlaun NAUST *Bláklukkuna* í fyrsta sinn fyrir vel unnin félagsstörf í þágu náttúruverndar. Verðlaunin hlaut Hálfán Björnsson frá Kvískerjum.
- Mál sem NAUST lét sig varða:
 - Verndun og velferð hreindýr, minnt á ábyrgð sveitastjórna á ástandi girðinga sem geta haft hættu í för mér sér fyrir menn og dýr. Fengu fjölmiðla í lið með sér.
 - Áætlun um byggingu laxastiga við Steinbogann í Jökulsá í Jöklu. Svæðið er á náttúruminjaskrá.
 - Friðlýsingu svæða á Austurlandi eins og Úthéraðs og Húseyjar.



- Grænensk náttúruverndarsamtök óskuðu eftir að heyra um reynslu Íslendinga af álvers- og virkjunarframkvæmdum vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Maniitsoq.
- Stefnt er að því að gera og gefa út bækling með fræðslu fyrir grunnskólabörn um náttúru og náttúruvernd.



2. Reikningar félagsins – Hjalti

- Reikningar lagðir fram og samþykktir
- Félagið á smá sjóð.

3. Lagbreytingar

- Þarf að athuga hvort til er nýrri útgáfa af lögum samtakanna.
- Ef gera þarf lagabreytingar verða þær kynntar á vefnum og lagðar fyrir næsta aðalfund.

4. Kosningar – Ásta Þorleifsdóttir lagði fram tillögu uppstillinganefndar sem var samþykkt

- Í stjórn voru kosin:
 - Skúli Benediktsson
 - Kristín Jónsdóttir
 - Hildur Þórðardóttir
- Til vara:
 - Jónína Óskarsdóttir
 - Þórhallur Þorsteinsson

5. Ákvörðun árgjalds og gjalda styrktaraðila

- Tillögur um gjöld voru samþykktar og verði sem hér segir:
 - Árgjald einstaklinga kr. 1.500,-
 - Styrktaraðild fyrirtækja kr. 5.000,-
 - Framlag sveitarfélaga með < 1.000 íbúa kr. 10.000,-
 - Framlag sveitarfélaga með > 1.000 íbúa kr. 20.000,-

6. Önnur mál

Fundinum bornar kveðjur m.a frá frú Vigdísi Finnbogadóttur og Hjörleifi Guttormssyni.

A. Skarphéðinn G. Þórisson baðst aflausnar sem fulltrúi í svæðisráði Vatnajökulsþjóðgarðs. Þórhallur Þorsteinsson gefur kost á sér og er það samþykkt. Litið til bandarískra þjóðgarða sem fyrirmyndar.

B. Ályktanir og áskoranir:

- Farið yfir veiðar á friðuðum fuglum. **Brýnt** að auka eftirlit með veiðum friðaðra fugla. Mikilvægt að hafa alla hagsmunaaðila með í umræðunni.
- Nauðsynlegt að skora á Dómsmálaráðuneytið að endurskoða skotveiðilög.

C. Friðlýsingar. Ýta á stjórnvöld að vinna frekar að friðlýsingum.

D. Ítreka að landeigendur gæti að girðingum með velferð hreindýra í huga



E. Náttúruvernd – hvetja stjórnvöld til forvarna á fjölförnum og viðkvæmum ferðamannastöðum.

Ályktanir samþykktar og fráfarandi formanni falið að ganga frá þeim og birta.



Kaffihlé

Heimildamyndin Baráttan um landið sýnd og vakti mikla athygli enda vönduð mynd.

Annað gerðist ekki

Fundargerð ritaði Kristín Jónsdóttir

NAUST

